



Skýrsla stjórnar fyrir 2021-2022



Gestir frá Félagi skógarkvenna í Póllandi skoða landgræðsluskóg á Hafnarsandi.

Nóvember 2022

Inngangur

Stofnfundur Skógarkvenna var haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019. Markmið félagsins er þátttaka kvenna á öllum aldri innan allra sviða skógræktar, með áherslu á samheldni og samvinnu. Þessu verði náð með því að:

- Auka þátttöku kvenna í skógrækt, sem skógareigenda, starfsmanna, rannsakanda eða áhugamanneskju um skógrækt.
- Marka konum sess innan skógræktar.
- Vinna með almenningi, hinu opinbera og stofnunum, bæði innan skógræktar og utan hennar, að því að mál er lúta að konum og skógrækt séu sett á dagskrá.
- Vera tengslanet kvenna innan skógræktar.

Aðalfundur 2021 og stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2021 var haldinn 29. nóvember 2021, í fjarfundi og heima hjá formanni. Úr stjórn áttu að ganga Ragnhildur Freysteinsdóttir og Sigríður E. Elefsen og gáfu þær báðar kost á sér áfram. Ekki komu önnur framboð og voru þær því sjálfkjörnar. Hraundís Guðmundsdóttir var kosin sem varamaður. Fyrir sat í stjórn Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Stjórn skiptir með sér verkum á þann hátt að Ragnhildur er formaður, Sigríður Júlía er ritari og Sigríður gjaldkeri.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

Starfsárið mótaðist nokkuð af því að þjóðfélagið var enn að komast í gang eftir Covid-19 faraldurinn. Þeir viðburðir sem félagið kom að voru:

- Félagið hefur staðið fyrir kaffifundum á vefnum, til að gera skógarkonum um land allt tækifæri á að kynnast og spjalla saman, óháð staðsetningu. Tveir fundir voru haldnir, þann 7. desember 2021 og 12. apríl 2022..
- Norska skógarkvennafélagið – Kvinner i skogbruket – var gestgjafi ráðstefnu 12. mars, í samvinnu við Spillkrákan í Svíþjóð og Skógarkonur. Fyrirkomulag ráðstefnunnar var þannig að hvert land var með staðbundna dagskrá og hluta dagskrár í hverju landi streymt til hinna landanna. Hrefna Jóhannesdóttir flutti erindi fyrir hönd Íslands. Dagskrá skógarkvenna var í Gamla salnum að Elliðavatni og eru Skógræktarfélagi Reykjavíkur færðar þakkir fyrir afnot af salnum.
- Skógarkonur hafa verið í samstarfi við Félag skógarkvenna í Póllandi (Stowarzyszenie Kobiet Lasu) og Kvinner i skogbruket í Noregi um verkefni er lýtur að auknu jafnrétti innan skógargeirans. Fékk pólska félagið styrk fyrir verkefnið og var í því gert ráð fyrir heimsóknum milli landanna. Fjórir fulltrúar Skógarkvenna fóru í heimsókn til Póllands í maí 2022, greidda af styrkfjármagni, og fengu kynningu á ýmsum hliðar skógræktar þar og voru það Ragnhildur Freysteinsdóttir, Hraundís Guðmundsdóttir, Barbara Stanzeit og Ingibjörg Guðmundsdóttir. Meðal annars voru heimsóttir þjóðgarðar, starfsstöðvar pólsku ríkisskógræktarinnar, skógræktardeild háskólans í Kraká og áhugaverðar timburbyggingar.
- Í framhaldi af heimsókn til Póllands sótti Ragnhildur formaður ráðstefnu í Austurríki – „Forest in Women's Hands“ og kynnti þar Skógarkonur og skógrækt á Íslandi almennt.
- Fjórir fulltrúar frá Félagi skógarkvenna í Póllandi komu svo í heimsókn til Íslands seinni part júní 2022 og sá Ragnhildur formaður um móttöku þeirra, með dyggri aðstoð nokkurra félagskvenna. Var farið í heimsókn til Skógræktarinnar á Mógilsá, Skógræktarfélags Reykjavíkur, Agnesar Geirdal skógarbónda, gróðrarstöðvarinnar Kvistabæjar og Grasagarðs Reykjavíkur, meðal annars.

- Skógarkonur, í samstarfi við Skógræktarfélagið Ungviður, buðu í berjamó í Brynjudal í Hvalfirði þann 20. ágúst 2022, en Skógræktarfélagið bauð upp á kakó. Tínd voru bæði ber og sveppir.
- Formaður hefur setið nokkra fjarfundi með félögum skógarkvenna víða um Evrópu, þar sem rætt hefur verið um stofnun regnhlífarsamtaka félaga skógarkvenna. Búið er að stofna samtökin formlega og var stofnunin kynnt á ráðstefnu Fem4Forest sem haldin var í Bled í Slóveníu dagana 17. – 18. nóvember 2022. Heiti þeirra er Women in Forestry International – WOFO.
- Búið er að gera einfalda vefsíðu fyrir félagið. Notast var við Wordpress, ókeypis útgáfu, og er slóðin nú: <https://www.skogarkonur.wordpress.com>.



Farið yfir uppskeru dagsins með unga fólkinu í Skógræktarfélaginu Ungviði.